

bókunum, eins og ávalt má búast við að geti átt sjer stað. Stefndi verður þvert á móti að álitast hafa afhent skuldirnar í því ástandi, sem þær tyrirfundust, og með þeim villum, er í tilfærslu þeirra í bókunum kynnu að vera, og verður hann því eigi skyldaður til að bæta áfrýjanda upp hjer umræddar 30 kr., sem skuld Kristjáns Halldórs-sonar reyndist minni en hún taldist vera eptir höfuðbókunum. Ber því að staðfesta niðurstöðu bæjarþingsdómsins í þessu tilliti. Málskostnaðar-ákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, og þykir eptir atvikum rjett, að málskostnaður fyrir yfir-dómi falli einnig niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 44/1898:

Teitur Jónsson

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni

f. h. verzlunar Markúsar Snæ-  
bjarnarsonar.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni eptir umboði frá Markúsi kaupmanni Snæbjarnarsyni á Patreksfirði gegn Teiti bónda

Jónssyni í Viðey út af verzlunarskuld, er Markús kaupmaður telur Teit eiga sjer að lúka, að upphæð 19 kr. 84 aur.

Var það dæmt í gestarjetti nefndrar sýslu 18. júlímán. þ. á. með þeim úrslitum, að Teitur Jónsson skyldi greiða Kristjáni Þorgrimssyni f. h. Markúsar Snæbjarnarsonar 19 kr. 84 aur. með 5% vöxtum frá 4. júní 1898, þangað til greitt yrði, og 12 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefur Teitur Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu dags. 19. september næstliðinn og krafizt;

að málinu málinu verði vísað heim til ógildingar á gestarjettardómnum;

að stefndi verð dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu;

að stefndi verði skyldaður til þess að greiða allan af máli þessu leiðandi kostnað að skaðlausu fyrir báðum rjettum.

Með stefnu útgefinni 4. júní þ. á. var gefin út stefna á hendur áfrýjanda og var hún birt 6. sama mánaðar á heimili áfrýjanda; en hann var þá ekki heima heldur, eptir því sem síðar hefur sannazt, vestur á Ísafirði. En 7. sama mánaðar var málið tekið fyrir í gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu; mætti þá eptir umbodi konu áfrýjanda cand. juris Marínó Hafstein, og skýrði frá að Teitur Jónsson (áfrýjandi) væri á ferðalagi fyrir vestan og væri honum því ókunnugt um málshöfðun þessa; bað hann því um frest í málinu og um að honum yrðu ljed málsskjölin; mótparturinn mótmælti frestinum, en ekki mótmælti hann því að Marínó

mætti í málinu. Málið var sama dag tekið undir úrskurð eða dóm og dæmt í því 18. júlí næst eptir með þeim úrslitum, sem áður eru greind, og er þess getið í dómnum, að stefndi hafi ekki mætt við fyrirtekt málsins og enginn af hans hendi, en þó hefur cand. Marinó Hafstein skrifað undir þingbókina sem málspartur.

Eins og áður hefur verið tekið fram, var áfrýjandinn vestur á Ísafirði, þegar gestarjettarstefnan var birt á heimili hans, og hann var eigi kominn heim aptur úr þeirri ferð, þegar málið kom fyrir rjettinn daginn eptir; mætti því í rjettinum að eins maður með umboði frá konu áfrýjanda, skýrði frá fjærveru hins stefnda (áfrýjanda) og bað um frest í málinu. Þótt engin vefenging kæmi fram í rjettarhaldinu á fjarveru áfrýjandans eða á umboði manns þess, er mætti af hendi konu áfrýjandans, synjaði dómarrinn um hinn umbeðna frest og dæmdi málið eins og enginn hefði mætt af hálfu áfrýjanda. Með þessari aðferð var áfrýjandinn sviptur löglegum rjetti sínum til að færa fram vörn fyrir sig í málinu, og verður því að ómerkja gestarjettardóminn og skylda dómarrann til að taka málið upp af nýju og veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara í því. Eptir þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur, og ber undirdómaranum að taka málið fyrir af nýju frá því stigi málsins, er frestbeiðni áfrýjanda var fram komin og veita áfrýjand-

anum hæfilegan frest í málinu til andsvara í því. Stefndi Kristján Þorgrímsson f. h. Markúsar kaupmanns Snæbjörnssonar greiði áfrýjandanum Teiti Jónssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri aðför að lögum.

Nr. 48/1898.

Magnús Benjamínsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð.

Mál þetta höfðaði í hjeradi úrsmiður Magnús Benjamínsson í Reykjavík gegn stefnda kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð sama staðar fyrir meiðyrði í 2 blaðagreinum í blaðinu »Reykvíkingur«, 8. árg. 2. tbl., sem út kom 1. febrúar þ. á. og var stefndi með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 11. ágúst þ. á. dæmdur í 20 kr. sekt til landskjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðandi og óvirðandi orð um áfrýjandann í annari hinni átöldu grein og til að greiða honum 10 kr. í málskostnað; hin saknæmu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefur Magnús Benjamínsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. okt. þ. á., og hefir hann krafizt þess, að stefndi verði fyrir ærumeiðingar í báðum hinum átöldu blaðgreinum látinn sæta laganna þyngstu refsingu, að öll hin meiðandi og óvirðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði skyldaður til að greiða